

Afbrotatölfræði

Mars 2008

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN


Á mynd 1 má sjá að hegningarlagabrotum og umferðarlagabrotum hefur fjölgað lítillega frá því í mars í fyrra. Umtalsvert færri fíkniefnabrot voru skráð í mars 2008 samanborið við tvö síðustu ár.

Á mynd 2 má sjá tiltekna brotaflokkum síðustu átta mánuði, eignaspjöll, innbrot og líkamsmeiðingar (217. og 218. gr. hgl.). Flest eignaspjöll voru tilkynnt í september 2007 eða 347, í kjölfarið fækkaði þeim og voru einungis 190 í febrúar 2008. Líkamsárásir fjölgaði mjög í nóvember 2007 og voru þá 232 líkamsárásir skráðar, flestar minniháttar (217. gr. hgl.). Fæst innbrot voru tilkynnt í mars 2008 en flest í september 2007.


Í töflu 1 má sjá fjölda brota í nokkrum brotaflokkum. Fjölgun varð meðal hraðakstursbrota, þjófnaða, líkamsmeiðinga og nytjastuldurs á milli ára. Tilkynnt var um 126 líkamsmeiðingar (217. og 218. gr. hgl.) til lögreglunnar í mars sem er um 29% aukning miðað við sama tíma í fyrra. Ölvunarakstursbrotum í mars fækkaði um rúm 9% milli ára en mest varð fækkunin í innbrotum en þeim fækkaði um 21% milli ára.

Um miðjan janúar 2008 voru teknar upp stafrænar hraðmyndavélar í Fáskrúðsfjarðargöngum líkt og komið var upp í Hvalfjarðarsveit í júlí á síðasta ári. Áætlað er að taka í notkun á næstu mánuðum fleiri stafrænar hraðamyndavélar um landið.

Á mynd 3 má sjá fjölda hraðakstursbrota sem skráð voru með hraðamyndavélum í janúar-mars 2008. Alls voru 484 brot skráð á höfuðborgarsvæðinu, 206 í Fáskrúðsfjarðargöngum og í Hvalfjarðarsveit voru brotin 1036 í mars 2008. Aukning varð í Fáskrúðsfjarðargöngum og í Hvalfjarðarsveit en fækkun varð á höfuðborgarsvæðinu í mars samanborið við febrúar 2008.




Mynd 1. Fjöldi brota í mars 2004-2008 eftir tegund brots.



Mynd 2. Fjöldi í nokkrum brotaflokkum frá ágúst 2007 til mars 2008.

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í mars 2006, 2007 og 2008.

	Mar.08	Mar.07	Mar.06
Hraðakstursbrot	2.797	2.408	2.501
Þjófnaður	306	266	228
Innbrot	151	192	160
Eignaspjöll	257	274	232
Ölvun við akstur	175	193	136
Fíkniefnabrot	139	168	156
Áfengislagabrot	133	130	104
Líkamsmeiðingar (217 og 218)	126	98	73
Akstur gegn rauðu ljósi	72	78	102
Nytjastuldur	33	17	22



Mynd 3. Hraðakstursbrot í janúar-mars 2008 sem skráð voru með hraðamyndavélum.

Afbrotatölfræði

Mars 2008

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Tafla 2. Fjöldi brota í mars 2006, 2007 og 2008 eftir umdæmum

Umdæmi	Hegningarlagabrot			Umferðarlagabrot			Fíkniefnabrot		
	2008	2007	2006	2008	2007	2006	2008	2007	2006
Akranes	17	16	14	199	148	182	1	3	3
Akureyri	34	82	53	110	249	369	10	7	12
Blönduós	4	7	1	116	90	240	1	1	0
Borgarnes	10	14	10	1200*	159	154	3	2	4
Eskifjörður	8	14	6	292*	180	79	0	0	2
Húsavík	2	3	3	18	42	17	0	1	0
Hvolsvöllur	3	4	3	162	62	49	0	0	1
Höfuðborgarsvæðið	835	769	681	1689*	2427	2398	83	113	107
Sauðárkrókur	4	2	3	61	96	27	0	2	0
Selfoss	41	41	43	140	358	449	11	6	12
Seyðisfjörður	7	8	4	61	110	31	0	0	1
Snæfellsnes	9	1	2	90	92	45	0	0	0
Suðurnes	61	59	61	258	348	400	25	26	13
Vestfirðir	9	15	13	120	63	32	5	6	1
Vestmannaeyjar	15	11	12	34	18	15	0	1	0
Alls	1.059	1.046	909	4.550	4.442	4.487	139	168	156

*Af 1200 umferðarlagabrotum í Borgarnesi voru 1036 hraðakstursbrot skráð með staðbundnum hraðamyndavélum

*Af 292 umferðarlagabroti á Eskifirði voru 206 hraðakstursbrot skráð með staðbundnum hraðamyndavélum

*Af 1689 umferðarlagabrotum á höfuðborgarsvæðinu voru 484 hraðakstursbrot skráð með staðbundnum hraðamyndavélum

Í töflu 2 má sjá heildarfjölda hegningarlagabrota, umferðarlagabrota og fíkniefnabrota í mars 2006-2008 eftir umdæmum.

Hegningarlagabrot voru aðeins fleiri í mars en á sama tíma í fyrra. Brotin voru fleiri á Akranesi, höfuðborgarsvæðinu, Sauðárkróki, Snæfellsnesi, Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum.

Alls voru 1200 umferðarlagabrot í Borgarnesi í mars en 159 yfir sama tímabil í fyrra. Einnig varð fjölgun á Eskifirði þar sem brotin voru 292 talsins en 180 í mars 2007. Rekja má þessa fjölgun til stafrænu hraðamyndavélanna eins og áður hefur komið fram.

Fíkniefnabrot voru 139 í mars 2008 sem er fækkun um 29 brot frá því í fyrra. Mest var fækkunin á höfuðborgarsvæðinu eða um 27%. Fjölgun varð á Akureyri, í Borgarnesi og á Selfossi í mars samanborið við sama tíma í fyrra.

Aðferðir og gögn

Hér eru birtar upplýsingar um stöðu brota eins og þau voru í málaskrá lögreglu þann 14. apríl 2008 og eru tölur fyrir árin 2007 og 2008 bráðabirgðatölur.

Í þessari skýrslu eru hraðakstursbrot sem rekja má til stafrænna hraðamyndavéla skráð undir embættin þar sem brotin eru framin, jafnvel þó málin séu skráð á embættið á Snæfellsnesi. Það er breyting frá mánaðarskýrslum í júlí til desember 2007.

Við samantekt tölulegra upplýsinga eru tilgreind öll brot sem tilkynnt voru lögreglunni að frátöldum þeim sem reynast við nánari athugun ekki vera brot. Hafa ber í huga að eitt atvik getur falið í sér fleiri en eitt brot. Til dæmis getur maður sem er stöðvaður vegna umferðarlagabrots fengið í sama máli kæru fyrir fíkniefni sem fundust í fótum hans.